

Nefndasvið Alþingis,
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02.03.2004
GP/is

Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 – 2008.


Umhverfisnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 – 2008. Orkuveita Reykjavíkur vísar til umsagnar Samorku, dags. 25. febrúar s.l., sem Orkuveitan á aðild að, og leyfir sér að áréttu þau sjónarmið sem fram koma í bréfi samtakanna.

Þau fjórtán svæði sem tillagan gerir ráð fyrir að verði friðlýst á næstu fimm árum eru öll utan athafnasvæða Orkuveitu Reykjavíkur. Samt sem áður er nauðsynleg að við afgreiðslu tillögunnar verði horft til þeirra atriða sem fram koma í umsögn Samorku og ekki síður þeirra athugasemda sem fram koma í umsögn Hitaveitu Suðurnesja, dags. 19. febrúar s.l. Tillagan gerir ráð fyrir að friðlýsing taki til svæðis á Reykjanesi þar sem Hitaveita Suðurnesja er handhafi nokkurs lands og umfangsmikilla jarðhitaréttinda. Í umsögn Hitaveitu Suðurnesja er lögð áhersla á að skynsamleg nýting jarðlindanna rýri ekki á nokkurn hátt rannsóknargildi svæða, miklu fremur eykur hún það. Orkuveita Reykjavíkur tekur undir þessar athugasemdir og bendir á að tugþúsundir ferðamanna heimsækja virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur á höfuðborgarsvæðinu og í Grafningi og virkjanir fyrirtækisins hafa sýnt fram á að orkunýting og virðing fyrir náttúru landsins getur farið vel saman.

Orkuveita Reykjavíkur leyfir sér að vekja athygli á að í formála draga að náttúruverndaráætlun 2003 – 2008 sem kynnt var s.l. haust sagði að friðlýsing geti í mörgum tilvikum skert athafnafrelsi verulega og því hafi náttúruverndaryfirvöld ætíð fylgt þeirri stefnu að friðlýsa ekki svæði nema fyrir liggi fullt samþykki landeiganda og rétthafa viðkomandi lands. Fagleg og eðlileg vinnubrögð ættu að tryggja að tillögur séu ekki lagðar fyrir Alþingi til samþykktar nema áður liggi fyrir samþykki landeigenda og rétthafa lands.

Loks skal bent á að nokkur þeirra svæða sem lagt er til að verði friðlýst njóta þegar hverfisverndar samkvæmt aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkuveitu Reykjavíkur,



Guðmundur Þóroddsson, forstjóri.